Óþolandi ráðstöfun.
Ferjan á Óseyrarnesi lögð niður.
1 blað.

43.

<u>Óþolandi ráðstöfun.</u>

Það er sennilega sýslunefnd Árnessýslu með yfirvaldi og þingmanni hennar Magnúsi Torfasyni, sem gjört hefir fjölmörgum Ölvesingum, þar á meðal þeim sem sjó stunda í Þorlákshöfn og öllum þeim er búa í Selvogi og víðar þann greiða að leggja niður ferjuna í Óseyrarnesi. Nú verða þeir sem komast þurfa til Eyrarbakka eða þaðan úr þessum plássum, að fara helmingi lengri leið en áður og ekki skemri (t.d. úr Selvogi) en 10-12 kl. tíma leið til þess að ná í lækni eða nauðsynlegustu lífsnauðsynjar sínar og er það lengri leið en að fara yfir Grindaskörð til Hafnarfjarðar eða Reykjavíkur.

Fyrir nál. 40-50 árum voru róðrarskipin, sem gengu frá Þorlákshöfn full 30 að tölu; í vetur voru þau 3; eitt þeirra varð að fara til Eyrarbakka í vetur til þess að fá sér salt og fleira, það tepptist það í vikutíma vegna brims og varð skipshöfnin loks að fá sér menn þar til að flytja sig yfir í Óseyri svo þeir kæmust heim til að ná sér í einhverja matbjörg.

Þegar þessi ákvörðun var tekin, um að leggja niður ferjuna í Óseyrarnesi, voru engar þingkosningar fyrir hendi.

Óvenjulega rætnisleg framkoma!
3 bls. fol.
Dagsett 26. og 30. nóvember 1942. 44.

13 *b*

Síðan í haust hefi ég og heimili mitt orðið fyrir þrálátu ónæði og áreitni af manni einum, sem ekki hefir fengizt til að segja til nafns síns: Hann hefir þráfaldlega hringt mig upp í símanúmer mitt 1925, oftast að kvöldi til, og gert sig torkennilegan í málrómi, ýmist sem væri það háaldrað gamalmenni, sem á fátt eftir nema að tala eða stálpaður strákur, og hefir hann þá ýmist skrækt eða ýlfrað, með kostulegum skellihlátri og lítt skiljan-legum þvættingi um eitthvað sem ég fékk eigi skilið og sízt svo, að það varðaði mig neinu, en ávallt hefir hann blandað þetta raus sitt með því að segja mig ábyrgðan fyrir ýmsu ósmekklegu, fantaskap og illmennsku í garð annara manna, en einkum þó bágstaddra dýra, og mætti ég eigi vona á illu einu og hefðu menn fyrir því lítið framferði mitt. Afleiðingarnar hans hafa jafnan verið hótanir og svívirðingar í minn garð.

Hann þessum hefi ég aldrei svarað neinu, heldur talið það að engu hafandi, því hér hlyti að vera einhver óvandaður maður á verki, eða annaðhvort geðbilaður maður eða víndrukkinn svo að hann væri ekki sjálfur síns ráða. En nú hefi ég slitið samtalinu og hann þá hringt mig upp samstundis með enn meira offorsi og hávaða.

Hinn 24. þ.m., um kl. 10 e.h. hringir hann enn og virðist mér hann þá tala í eðlilegum málrómi, en sem ég þó ekki þekkti. Talar hann þá um, að „hérna í Kaplaskjóli og við Granda-garðinn séu þúsundir af rottum, sem séu húsnæðislausar (sic) og hungraðar, sem mér beri að hirða þó þegar, enda sé það hlutverk mitt, sem ég hafi tekið að mér og fái laun fyrir, ella muni hann sjá svo til að rotturnar ráðist að mér og éti mig upp til agna“.

Og enn fylgdi hann þessu ýmiskonar hótanir og skammaryrði, sem ég þó eigi skeytti neinu né gjörði neina tilraun til að komast fyrir það, hvaða maður þetta væri; hinsvegar virtist mér, að þetta væri einn og hinn sami maður, sem hefði ónáðað mig svo oft í haust. Í eitt sinn, sem ég sagði við hann þá og stundum áður var það, að ég spurði hann hvort hann væri „fullur“ (þ.e. víndrukkinn) og að við þvílíka menn gæti ég ekki talað eins og sjálfur. Væri mér lítt um gefið og vildi eigi við þá tala. Varð þetta þó og áður til þess að æsa hann enn meir.

Loks kom hann svo enn í símann 25. þ.m., um kl. 9 e.h. og talaði þá um, að það er mér skiljanlegt, einhvern „vitlausan mann – en þó eigi væri vitlausari en ég sjálfur – er legði landveginn úti á Laugarnesi eða Kleppsvegi, og væri mér að bregða mér fljótt við og hirða hann af götunni“.

Ákvað ég þá að fara í annan síma til þess að komast fyrir það, hver það væri þar sem svona léti, ef vera kynni, að ég gæti komið í veg fyrir.

Engir aðrir voru heima í íbúð minni, þá stundina, en ég og ung kona (fósturdóttir mín) með 9 mánaða gamalt barn sitt, óvært mjög og oft lasið, er hún var að reyna að koma í svefn og ró. Barn þetta er svo óvært, að það má ekki heyra hringingu í síma né klukku slá í herbergi því sem það er í, þegar verið er að koma því í ró – en nú var þó en þarna, komu og barnið og bað ég hana að gæta þess, að símasambandinu væri eigi slitið, meðan ég skryppi út í næsta hús, til Jörgen Hansens, til þess að vita hvaða síma

staði í sambandi við minn síma (nr. 1925). Dróst nú vafalaust 2-3 mín. áður þar en úti við, en á meðan ég var fjarverandi er maður þessi að rausa um það við konuna, hví ég komi ekki í símann til þess að bjarga rottunum, sem hann ætti að senda á mig". Konan varð óttaslegin mjög, því hún vissi ekkert um þetta rottumál hans frá kvöldinu áður og komst hún nú í hin mestu vandræði með barnið, sem engu tók né svefn fékk fyrr en um eða eftir miðnætti.

Meðan ég var úti í síma nr. 3484 (hjá Hansen), fékk ég góða og skjóta afgreiðslu í síma nr. 5899: Var mér vísað á, að tala við stúlku í síma nr. 4620, því sá sími stæði í sambandi við minn síma (nr. 1925) og hefði staðið. Stúlka sú, er við mig talaði í síma (nr 4620) kvaðst eigi vita til þess, að neinn hefði hringt til mín þaðan og hið sama sagði önnur stúlka er mér virtist koma þó þegar til viðtals við mig, en báðar sögðu þær, að eigandi eða notandi símans, nr. 4620, væri eigi við og vissi þær eigi hvort hann hefði e.t.v. hringt til mín. Lét ég þetta gott heita og fékk eigi meira: Mér væri nóg í bili að vita símanúmerið og geti ég svo talað við hann síðar, ef mér sýndist svo.

Tveimur mínútum síðar eða svo hringdi notandi símans nr. 4620, hr. Þorleifur Eyjólfsson, sjálfur til mín og þykist ég þá kannast við málróm hans frá kvöldinu áður og enda oftar, en nú lét hann ófriðlegar en nokkru sinni áður, en kannaðist þó við, að hann hefði hringt mig upp fyrr um kvöldið. Óður mjög á honum látæðinu og skammirnar fyrir það, að ég hefði klagað sig fyrir símastjóranum o.s.frv. að ég komst eigi að með neina leiðréttingu, en sagði, að best væri fyrir hann, að bíða með þetta tal sitt, þar til betur stæði á fyrir honum en nú. Skammirnar og svívirðingar sem hann lét úti við mig þá og á sömu lund sem áður, get ég hvorki né vil hafa eftir honum: Ég fylgdist eigi með í þeim ósköpum né setti þær á mig og sleit sambandinu hið skjótasta, og hefi ég ekkert til hans heyrt síðan.

Daginn eftir talaði ég við bróðurbróðurdóttur mína, frú Margréti Jónsdóttur, konu Hilmars Stefánssonar og benti hún mér þá á það hver orsökin mundi vera til þessa atferlis hr. Þorleifs Eyjólfssonar gagnvart mér og bætti þessu við: „Það er ómaklegt, að frú (þ.e. ég) verði fyrir þessu ónæði: Því það er ég (þ.e. frú M.J.) sem á alla sökina á því með kálfinn og kúna í haust og engum annar, en skepnur þessar átti einmitt hr. Þorleifur Eyjólfsson".

Rámaði mig þá eitthvað í það, að í haust hringdi þessi frænka mín til mín og benti mér á, að þarna í Vesturbænum væri kýr og kálfur úti í hvaða veðri sem væri, nætur sem daga, illa haldin mjög vegna hirðuleysis eigandans, sem hún þó eigi nefndi né mun hafa vitað hver var.

Bað hún mig að athuga á hvern veg unnt væri að hjálpa dýrunum þessum.

Ég hringdi til hr. lögregluþjóns Sigurðar Gíslasonar og bað hann að hjálpa dýrunum.

Nokkru síðar sagði Sigurður lögregluþjónn, að hann hefði farið strax á vettvang og komið skepnum þessum til bjargar, en eigi gat hann um nafn eiganda þeirra.

Þannig er þessi „saga" og má vera að hún sé orsök þess, að hr. Þorleifur Eyjólfsson ræðst að mér, á þessa einkennilegu lund, fyrir það, að ég mun hafa orðið til þess að einhverju leyti að firra skepnur þær kvölum og illri meðferð, er hann átti.